

## Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreinda skýrslu svo fljótt sem verða má.

Nr. 7/1914

Ari Þórðarson

gegn

Sigríði Rósu Þorláksdóttur.

## Dómur:

Mál þetta, sem er barnfaðernismál, var höfðað af hálfu hinnar stefndu Sigríðar Rósu Þorláksdóttur fyrir lögreglurétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda AraÞórðarsyni, til þess hann yrði dæmdur til að greiða meðlag eftir úrskurði yfirvaldsins með barninu Svövu, er hún ól 7. marz f. á., en hann hafði synjað fyrir faðernið, og var málið dæmt í téðum rétti 24. des. f. á. á þá leið, að svo framarlega sem kærandinn, Sigríður Rósa Þorláksdóttir eftir löglegan undirbúning vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að kærður Ari Þórðarson hafi haft holdlegt samræði við hana 8. júní 1912, skal hann greiða meðlag eftir úrskurði yfirvaldsins með barni því, Svövu, er kærandi ól 7. marz 1913, svo greiði kærður þá og kostnað málsins með 20 kr. En treystist kærandi eigi til að vinna eiðinn, þá á kærður að vera sykn af kröfum hennar í þessu máli og málskostnaður að falla niður.

Dómi þessum hefir Ari Þórðarson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. febr. þ. á. og gerir þær réttar-

kröfur, að hinum áfryjaða dómi verði með eða án heim-  
 visunar hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans  
 fyrir lögregluréttinum verði teknar til greina og hann  
 alsýknaður af öllum kröfum kæranda þar, hinnar stefndu,  
 án þess að úrslit málsins séu látin koma undir eið henn-  
 ar, eins og ákveðið er í dómnum; svo krefst hann og  
 málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.  
 Hin stefnda, Sigiður Rósa Þorláksdóttir hefir eigi mætt,  
 þótt löglega sé stefnd, og verður málið því dæmt eftir  
 hinum framlögðu skjölum, samkvæmt N. L. 1—4—32  
 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Stefnda hefir skýrt svo frá, að hún hafi haft hold-  
 legt samræði við áfryjanda í marz mánuði 1912, síðast í  
 maí s. á. og enn 8. júní og 3. júlí s. á. og hafi hún  
 eftir samfarið 8. júní orðið þess vör, að hún hafi verið  
 orðin barnshafandi. Jafnframt hefir hún kannast við, að  
 hún hafi 19. maí 1912 haft samræði við annan nafngreind-  
 an mann. Áfryjandi hefir af sinni hálfu eigi viljað kann-  
 ast við faðernið að barni hinnar stefndu, en hefir þó eigi  
 viljað synja fyrir það, að hann hafi haft holdlegt samræði  
 við hana á þeim tíma, sem barnið getur verið komið  
 undir, enda viðurkennir, að hann hafi haft holdlegar  
 samfarir við hana í marz 1912 og treysti sér eigi til að  
 neita því, að hann hafi haft samræði við hana síðast í  
 maí og snemma í júní f. á. En hann telur þó annan  
 mann líklegri til að vera föður barnsins.

Þar sem stefnda afdráttarlaust hefir lýst áfryjanda  
 föður að barni sínu og áfryjandi af sinni hálfu hefir  
 kannast við, eða þó eigi synjað fyrir, að hafa haft hold-  
 legt samræði við stefndu á þeim tíma, að hann geti verið  
 faðir barns hennar, þá getur eigi komið til mála, að sýkna



áfrýjanda algerlega fyrir kæru hinnar stefndu. Nú hefir stefnda eigi áfrýjað málinu af sinni hálfu og verður dómnum eigi breytt henni í vil. Fyrir því verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm eins og hann er, og verður málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður eftir þessum úrslitum.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 3/1914      Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson  
fyrir hönd Landsbanka Íslands  
   gegn  
Hinriki Jónssyni og Júlíusi Kr. Einarssyni o. fl.

D ó m u r :

Með bréfi dags. 29. okt. 1904 veðsetti Einar Jónsson kaupmaður í Keflavík og fyrverandi hreppstjóri þar, Gunnari kaupmanni Gunnarssyni í Reykjavík með 1. veðrétti húseign með grunnréttindum og öðru tilheyrandi, er hann átti í Keflavík og virt hafði verið 24. sept. 1904 á 5830 kr., fyrir 3400 kr. skuld. Veðbréf þetta er undirskrifað í viðurvist tveggja vitundarvotta og í því ákveðið,